



Dýrabær



Akranes
Kringlan
Krossmói
Spöngin
Smáralind
www.dyrabaer.is



Ódýri Ísinn



Grafarvogsblaðið

2. tbl. 35. árg. 2024 febrúar

Dreift ókeypis í öll hús í Grafarvogi



Stuð á þorrablóti Grafarvogs

- sjá nánar á bls. 12 og 13

FASTEIGNA
MIÐLUN
GRAFARVOGS



FASTEIGNA-
SALAN
Í ÞÍNU HVERFI

Spöngin 11
112 Reykjavík
Sími 575 8585

www.fmg.is



Bifreiðaverkstæði
Grafarvogs

Allar almennar
bílaviðgerðir

Gylfahlöt 24 - 30 • 112 Reykjavík
Sími 577 4477

www.bilavidgerdir.is

Þjónustuaðili



SSANGYONG



CHEVROLET

Graenir
skátar

Endurvinnslumóttakan er opin alla daga hjá skátunum í Hraunbæ

Móttaka Endurvinnslunnar er opin alla daga vikunnar. Við tökum vel á móti þér. Graenir skátar styðja við ungmennastarf í samfélaginu. Munið eftir nýja endurvinnsluappinu

Greiddar eru 20 kr. fyrir eininguna



Opnunartíminn okkar er:

Vikrir dagar kl. 9-18
Helgar kl. 12-16:30



Endurvinnslumóttakan Hraunbæ 123 . 110 Reykjavík



HAFID
FISKVERSLUN

- Gæðin skipta máli -

Spönginni 13
112 Reykjavík

Fiskréttur dagsins 2.890 kr kg



Grafarvogsblaðið

Útgefandi: Skrautás ehf. Netfang: gv@skrautas.is

Ritstjóri og ábm.: Stefán Kristjánsson.

Netfang Grafarvogsblaðsins: gv@skrautas.is

Ritstjórn og auglýsingar: Símar 698-2844 og 699-1322.

Útlit og hönnun: Skrautás ehf.

Auglýsingar: 698-2844 - 699-1322 - gv@skrautas.is

Prentun: Landsprent ehf.

Ljósmyndari: Katrín J. Björgvinsdóttir og fleiri.

Dreifing: Póstdreifing.

Grafarvogsblaðinu er dreift ókeypis í öll íbúðarhús í Grafarvogi.

Einnig í Bryggjuhverfi.

Illu farið með peninga

Íslenskir stjórnálmenn kunna illa að fara með peninga. Hægt er að nefna fjölmörg dæmi þessu til sönnunar.

Á undanförunum misserum hefur oft komið fram að við Íslendingar erum engir meistarar í því að gera áætlanir um kostnað þegar kemur að stórum framkvæmdum.

Borgarlínan er líklega búin að þrefaldast í verði frá því að fyrstu áætlanir um kostnað komu fram.

Montbrúin frá Kársnesi í Kópavogi yfir í Vatnsmýrina, Alda, átti upphaflega að kosta innan við 3 milljarða. Sú upphæð mun fjórfaldast áður en yfir líkur.

Sundabrautin, hækkar í verði um milljarð frá fyrri áætlunum með hverju árinu sem líður. Það skiptir hins vegar litlu máli þar sem íslenskir stjórnálmenn virðast ekki hafa þrek til að koma þeirri framkvæmd af stað. Það er búið að röfla og tuða um Sundabrautina í yfir 30 ár en ekkert gerist. Nokkrum sinnum hafa stjórnálmenn komið fram og sagt: „Þetta er alveg að fara af stað.“ En síðan líða árin og ekkert gerist.

Í úthverfum borgarinnar vantar fjármuni til margra hluta en á þarfir íbúanna þar er ekki hlustað.

Að öðru máli. Ríkisfjölmiðillinn RÚV hefur enn einn ganginn sannað svo ekki verður dregið í efa hve hlutdrægur miðill þetta er. Nýlegt viðtal fréttakonu þar við Bjarna Benediktsson utanríkisráðherra var sorglegt dæmi um það hvernig á ekki að taka viðtal. Fréttakonan gat ekki hamið sig í hlutdrægninni og braut allar reglur hvað það varðar. Bjarni er umdeildur stjórnálmamaður og hefur hegðað sér undarlega síðustu misserin og lent í mörgum skrítnum málum. Hann er stanslaust á milli tannanna á hlutdrægum frétamönnum sem hafa fyrir löngu tapað allri virðingu með framgöngu sinni.

Stöð 2 er ekki saklaus þegar kemur að hlutdrægum viðtölum við Bjarna. Framganga fréttakonu þar á dögunum var einnig sorglegt dæmi um það þegar reynd fréttakona tapar glórunni í hlutdrægni sinni og missir um leið allan trúverðuleika.

Meðferð RÚV á 6-7 milljörðum sem apparatið fær í forgjöf á fjölmiðlamarkaðnum er efni í annan pistil síðar. *Stefán Kristjánsson*

gv@skrautas.is

Lífið í Grafarvogi!

- Fanný Gunnarsdóttir, formaður Íbúaráðs Grafarvogs, skrifar

Það var gaman að sjá hvað margir íbúar mættu á góðan fund sem Einar Þorsteinsson borgarstjóri boðaði til og haldinn var í Rimaskóla í lok janúar. Íbúaráð fær á næstu vikum samantekt frá fundinum og mun þá í framhaldinu rýna ofan í áherslur okkar íbúanna.

Á fundinum fengu fundarmenn það verkefni að veita og meta það sem þeim finnst jákvætt við hverfið og hvað mætti laga og bæta. Hver og einn gat sent inn þrjú jákvæð atriði og þrjú atriði sem mætti laga. Atriðin sem fundarmenn nefndu birtust samtundis upp á skjá og þau atriði sem oftast voru nefnd komu á miðjan skjáinn með stóru lettri. Þannig gátum við fylgst með því jafnt og þétt hvað fundarmenn vildu leggja áherslu á og koma á framfæri.

Meðal kosta hverfisins var nálægð við náttúruna, góðir göngustígar, útivistarmöguleikar, öflugt íþróttastarf, róglegt og barnvænt umhverfi og kraftmikið félag eldri borgara - Korpúlfar. Einnig var nefnd lágreið byggð og vel skipulagt hverfi. En það sem okkur í Grafarvogi finnst þurfa að laga eru almenningssamgöngur, þá sérstaklega tengingar á milli hverfa og að setja ætti samgöngubætur í forgang.

Fundarmenn vilja fá Sundabraut í göng og standa vörð um grænu svæðin í hverfinu. Jafnframt fannst fundarmönnum það slæmt að verslun og þjónusta er fyrst og fremst á einum stað, of langt fyrir marga að ganga þangað og almenningssamgöngur ná ekki að tryggja greiða aðkomu að Spönginni úr öllum hverfum.

Í almennum umræðum og fyrirspurnum kom ýmislegt annað gagnlegt fram s.s. nauðsyn þess að tengja

byggðina í Gufunesi betur við önnur hverfi í Grafarvogi og fá almenningssamgöngur í Gufunesið. Rætt var um nauðsyn þess að auka samstarf á milli skóla, íþróttafélags og frístundastarfs / félagsmiðstöðva í hverfinu og tryggja með því að það skipulagða starf sem boðið er upp á skarist ekki. Kallað var eftir góðu hundagerði. Korpúlfar vöktu athygli á fyrirséðri þörf fyrir nýja aðstöðu og nefnt var að hönnun við hringtorgin við Egilshöll væri ekki alveg að ganga upp eins og skipulagið er í dag t.d. staðsetning stoppistöðva.

Af þessu má sjá að fundarmenn komu víða við en upp úr stóð að nálægð og aðgengi íbúa að náttúrunni skiptir



Fanný Gunnarsdóttir formaður Íbúaráðs Grafarvogs.

okkur Grafarvogsbúa miklu máli en almenningssamgöngur innan hverfis þarf verulega að bæta. Íbúaráð hefur á fundum sínum rætt um brýna þörf á bættum almenningssamgöngum m.a.

verður að tengja íbúabyggðina í Gufunesi við samgöngunetið og sama má segja um um Borgarhverfið. Íbúaráð hefur sent frá sér athugasemdir og óskir til Strætó en óskum okkar var á þeim tíma vísað á bug. Ef við viljum að íbúar geti almennt gengið eða tekið strætó á milli hverfi t.d. til að sækja þjónustu eða versla þarf að endurskoða leiðakerfið hér í Grafarvogi. Því mun íbúaráð óska eftir því að fá fulltrúa frá Strætó á fund þar sem við ítrekum óskir íbúa.

Um daginn voru kynntar niðurstöður könnunar á félagslegu landslagi í Reykjavík þar sem horft var til fjölbreyttra þátta s.s. menntunar, tekna, fjölskyldugerðar o.fl. Kolbeinn H. Stefánsson dósent við félagsráðgjafadeild Háskóla Íslands vann rannsóknina en um er að ræða tíamóta rannsókn sem unnin var í samstarfi við Reykjavíkurborg. Borginni var skipt niður eftir skólahverfum og þar með er auðvelt að bera saman hverfi borgarinnar. Íbúaráð hefur óskað eftir því að fá Kolbein á fund þar sem fyrst og fremst verði horft á Grafarvog, skólahverfin hér og þau skoðuð í samhengi við Reykjavík í heild. Hér er hægt að fræðast um rannsóknina og niðurstöður hennar: <https://reykjavik.is/ojofnudur-stor-reykjavikursvaedinu-hver-er-stadan>.

Að lokum er ljúft að minnst Hallsteins Sigurssonar myndlistarmanns sem lést 24.jan.s.l. 78 ára að aldri. Við í Grafarvogi þökkjum öll og njótum verka hans í Hallsteinsgarði en hann gaf Listasafni Reykjavíkur 16 höggmyndir úr áli árið 2013. Hallsteinn kom þessum verkum fyrir í landi Gufuness á árunum 1989 til 2012.

Fanný Gunnarsdóttir formaður íbúaráðs Grafarvogs



Frá fundi borgarstjóra í Grafarvogi.

TJÓNAVIÐGERÐIR

Um okkar FYRIRTÆKI

GB tjónaviðgerðir er réttinga- og málningarverkstæði með 5 stjörnu gæðavottun frá Bílgreinasambandinu. Við erum í samstarfi við öll tryggingafélög.

Hafðu samband núna

Dragháls 6-8
 567-0690
 tjon@tjon.is
www.tjon.is

Við þjónustum allar gerðir bíla

Tjónaskoðun

Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingarfélaga.

Rétting og málun

Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.

Getum gert fast verðtilboð í viðgerðir

Erum með bílaleigubíla á staðnum

Vinum með öllum bílaumboðum

Hefur þú kynnt þér þjónustu Heilsuklasans?

Fjöldinn allur af námskeiðum fyrir byrjendur og lengri komna á öllum aldri.

Hafðu samband:

www.klasinn.is
mottaka@klasinn.is
599-1600



Þjálfun í vatni



Klúbburinn



60+
Grunnnámskeið



60+
Framhaldsnámskeið



Góður árangur efnilegra skautara í Fjölni

Það voru þrjár keppendur frá Fjölni sem kepptu í Advanced Novice flokki sem innihélt einnig skautara frá Hollandi, Ítalíu og Frakklandi. Voru alls 11 keppendur í flokknum. Berglind Inga, Elín Katla og Elva Ísey voru keppendurnir sem hófu keppni á föstudeginum með stutta prógramminu

heildarstig.

Junior Women

Lena Rut var fulltrúi Fjölnis í Junior Women flokki þar sem að 7 keppendur frá Finnlandi, Filipseyjum, Argentínu, Bretlandi og Danmörku tóku þátt. Á laugardegnum hóf Junior



Lena Rut hafnaði í fjórða sæti í Junior Women flokknum.



Elva Ísey Hlynisdóttir hlaut 52,41 heildarstig og stóð sig vel.

og kláruðu svo frjálsa prógrammið á laugardegnum.

Berglind Inga byrjaði föstudaginn á því að fá 23.45 stig fyrir sitt prógramm á föstudeginum. Á laugardegnum fékk Berglind svo 43.79 stig fyrir frjálsa prógrammið og endaði því með 67.23 heildarstig.

Elín Katla fékk 29.29 stig fyrir sitt stutta prógramm á föstudeginum. Í frjálsa prógramminu á laugardegnum fékk hún 53.71 stig fyrir sitt framlag á svellinu og endaði hún því á að fá 83.00 stig sem tryggði henni 3. sætið á mótinu!

Elva Ísey tók föstudaginn og fékk 20.56 stig fyrir stutta prógrammið. Á laugardegnum tók hún ásamt öðrum frjálsa prógrammið og fékk fyrir það 31.85 stig og endaði því með 52.41

flokkur keppni á RIG með stutta prógramminu. Fékk Lena 39.25 stig fyrir sitt stutta prógramm. Á sunnudeginum tók hún svo frjálsa prógrammið þar sem hún fékk 65.54 stig. Með þessu endaði hún með heildarstig upp á 104.79 stig sem skilaði henni 4. sætinu á mótinu.

Senior Women

Fulltrúi Fjölnis í Senior Women flokki var Júlía Sýlvía og keppti hún ásamt þremur öðrum keppendum frá Indlandi, Hollandi og Danmörku. Stuttu prógrammið var tekið á laugardegnum og fékk Júlía 40.35 stig fyrir sitt prógram. Á sunnudeginum var svo frjálsa prógrammið tekið þar sem að Júlía fékk 87.92 stig. Með þessu fékk hún 128.27 heildarstig. Með því náði hún að tryggja sér sigur á



Fjölnir átti fjóra keppendur á Norðurlndamótinu sem fram fór í byrjun febrúar. Voru það Elín Katla og Berglind Inga sem tóku þátt í Advanced Novice Women, Lena Rut sem tók þátt í Junior Women og Júlía Sýlvía sem tók þátt í Senior Women.

seinni degi og endaði í 1. sæti í Senior Women.

Er þetta í fyrsta skipti sem að íslenskur skautari fær gullverðlaun í Senior flokki á alþjóðlegu móti á listskautum!

Interclub

Það voru sex skautarar frá Fjölni sem tóku þátt í Interclub móti RIG. Arna Dís, Ermenga Sunna og Sóley Björt tóku þátt í Basic Novice Girls flokki. Maxime og Suri Han tóku þátt í Cubs flokki og svo var Elisabeth Rós í Chicks flokki.

Allir þessir flokkar fóru fram á föstudeginum og var það Elisabeth Rós í Chicks flokk sem tók af skarið fyrir okkar hóp. Næsti hópur þar á eftir var svo Cubs flokkur þar sem að Maxime og Suri fóru á svellið og sýndu sína takta. Efnilegir skautarar sem voru þarna á ferðinni og góð reynsla fyrir framtíðina þeirra.


Næst var það Basic Novice flokkurinn sem innihélt 15 keppendur frá Íslandi, Frakklandi, Hollandi, Ítalíu og Danmörku. Arna Dís fór fyrst á svellið og stóð sig með mikill þrýði og endaði með 33.20 stig sem skilaði henni 3.sæti í sínum flokki og þar af leiðandi sæti á verðlaunapallinum. Sóley Björt var næst af okkar skauturum á svellið og endaði hún á að fá 18.84 stig fyrir sitt prógramm sem skilaði henni 14. sæti. Síðust var Ermenga Sunna sem tók sitt prógramm og fékk hún 30.17 stig fyrir það og endaði í 4. sæti.



Júlía Sýlvía Gunnarsdóttir er fyrsti íslenski skautarinn sem fær gullverðlaun í Senior flokki á alþjóðlegu móti á listskautum!

Góð reynsla fyrir skautarana í Fjölni og óskum við þeim til hamingju

með árangur sinn!



Arna Dís varð í þriðja sæti í Interclub flokknum.



Elín Katla hafnaði í þriðja sæti í Advanced Novice Women flokknum.



Berglind Inga Benediktsdóttir hlaut 67,23 heildarstig.

Frjálsíþróttadeild: Fjögur aldursflokkamet á Áramóti Fjölnis

Frjálsíþróttadeildin hélt sitt árlega Áramót í Frjálsíþróttahöllinni í Laugardal þann 28. desember 2023.

Frábær árangur náðist á mótinu en á því féllu fjögur aldursflokkamet. Hæst ber að nefna að Fjölnismaðurinn Grétar Björn Unnsteinsson bætti 11 ára gamalt aldursflokkamet í stangarstökki 16-17 ára piltar með stökki upp á 4,32 metra. Einnig féll 16 ára gamalt met í 3000 m hlaupi 15 ára piltar, 9 ára gamalt met í 200 metra hlaupi 13 ára stúlkna auk þess sem tvöfalt met var sett í 60 m grindahlaupi, bæði í flokki 18-19 ára stúlkna og 20-22 ára flokki, en eldra metið var 16 ára gamalt.

Fjölnisfólk stóð sig vel á mótinu og fór heim með 3 gullverðlaun auk þess sem 7 persónuleg met voru sett.

Veittur er farandbikar fyrir besta árangur mótsins og í ár var það FH-ingurinn Irma Gunnarsdóttir sem tók bikarinn heim. Hún stökk 6,11 m í langstökki kvenna og fékk fyrir það 1023 WA stig.



Frábær gjöf fyrir veiðimenn og konur

Gröfum nöfn veiðimanna á boxin
Uppl. á www.Krafla.is (698-2844)

orka

Er sprunga í framrúðunni?

“
Við skiptum um
bílrúður fyrir öll
tryggingarfélög

Mætir & sækir samdægurs

VISSIR ÞÚ?

Ef það er hægt að gera við framrúðuna án þess að skipta er það að kostnaðarlausu fyrir tryggingartaka

Bókaðu tíma á orka.is | 586-1900 | Stórhöfða 37

GULLNESTI

Ódýri ísinn

Grillið í
Grafarvogi

Grillið í Grafarvogi - Gylfaflöt 1 - Sími: 567-7974

Bleikja með möndlum og kókós

- frábær réttur sem vert er að prófa

Við fáum uppskriftir okkar frá listakokkinum Kristjönu Steingrímsdóttur (Jana.is).

Jana verklar fiskinn sinn í Hafinu og þar er alltaf svo frábært úrval af ferskasta fiskinum, einnig bjóða þeir upp á svo mikið og girnilegt úrval af tilbúnum réttum. Hver öðrum betri.

„Ég finn það vel hvað það gerir fjölskyldunni minni gott að borða oft fisk og við Íslendingar erum svo hepnir að hafa kost á svona miklu úrvali af ferskum og góðum fiski. Þar sem við fjölskyldan höfum búið erlendis í um 18 ár erum við extra þakklát fyrir Ílenska fiskinn og kunnum svo mikið



- Gæðin skipta máli -



Bleikjan með möndlum og kókós er afar gómsætur réttur.

að meta hann,” segir Jana og bætir við: „Ég hvet sem flesta að bæta meiri fiski inn í matarræði sitt og prófa sig áfram með allskonar útgáfur.”

Og við hvetjum lesendur til að prófa þessa uppskrift:

Bleikja með möndlum & kókós
600 gr Bleikjuflök
70 gr möndlur saxaðar
1/2 msk rífið Engifer, ca 3 cm bútur
Safi og börkur af 1 Sítrónu
1/3 Rauður Chili saxaður fínt

2 stk vorlauk saxaður
3 msk akasíu hunang
3 msk ristud sesame olía
3 msk blönduð sesam fræ (svört og hvít eða bara hvít)
1,5 msk tamari sósa
1/3 bolli ristaðar kókosflögur
1/3 bolli ólífuolía

Hitið ofninn í 180 gráður
Setjið bleikjuflökin í eldfast mót.
Öllu nema bleikjuflökunum blandað saman í skál og borið því næst á

bleikjuna.

Látið standa í ca 30 mín, setjið inn í ofn í 12-14 mín eða þar til allt er orðið vel gyllt á litinn og bleikjan elduð.

Frábært að bera fram með góðu og fersku salsa eins og til dæmis mangó og agúrku.

Verði ykkur að góðu.

Kristjana Steingrímsdóttir (Jana)
jana.is - www.instagram.com/janast

Gerðu góð kaup!

50% afsláttur af Seleste umgjörðum í Prooptik Spönginni.

Komdu í sjónmælingu!

Bjóðum núna upp á sjónmælingar alla þriðjudaga og fimmtudaga í Prooptik Spönginni.

50%

afsláttur af Seleste umgjörðum!

prooptik
gleraugu

• SPÖNGIN
prooptik.is / 570 0900



BOSCH bílavara hlutir í miklu úrvali



Dagur Ragnarsson skákmeistari Reykjavíkur

Skákþingi Reykjavíkur lauk í gær með glæsilegum sigri Fjölismannsins Dags Ragnarssonar. Dagur hlaut 8 vinninga í 9 skákum, vann 7 þeirra og gerði 2 jafntefli.

Dagur var nemandi í Rimaskóla í 10 ár og varð 4 sinnum NM meistari með skáksveitum Rimaskóla og í eitt skipti Norðurlandameistari í skólaskák í elsta flokki.

Dagur teflir með A sveit Fjölis sem er í efsta sæti Úrvalsdeildar skákfélaga tímabilið 2023 - 2024.

Til hamingju Dagur með þennan frábæra árangur og verðskuldaðan titil Skákmeistari Reykjavíkur.



Dagur Ragnarsson.



Fimmtán nokkuð jafnsterkar stelpur Rimaskóla skipuðu 5 þriggja manna sveitir og enduðu í 5 efstu sætum.

Rimaskólastúlkur í sérflokki

- á Íslandsmóti grunnskóla 2024

Íslandsmót grunnskóla stúlknaflökkur var haldið í Stúkunnni við Breiðabliksvöllinn laugardaginn 27. febrúar. Skáksveitir Rimaskóla lentu þar í 5 efstu sætum og hafa þeir yfirburðir aldrei sést áður. Stelpurnar sem eru í 6. 10. bekk sendu 5 skáksveitir til leiks og unnst allar skákir við aðra skóla. Þær eru flestar í 6. bekk og eiga því 5 ár eftir til að verja vígið.

Einnig var teft í yngri flokkum og þar lentu Rimaskólastelpur einnig í verðlaunasætum, urðu nr. 1 - 2 í flokki 3. - 5. bekkjar og í 3. sæti í flokki 1. - 2. bekkjar. Þessar stúlkur æfa allar með Skákdeild Fjölis en þar er starfið bæði árangursríkt og skemmtilegt. Grafarvogsbliðið óskar Rimaskóla til hamingju með þennan flotta árangur stelpnanna.



Þær Sóley, Emília Embla og Sigrún Tara skipuðu A sveit Rimaskóla á Íslandsmótinu og lönduðu öruggum sigri.



Yngri stelpurnar í flokki 3. - 5. bekkjar urðu í 1. - 2. sæti. Þrátt fyrir ungan aldur hafa þær unnið til verðlauna á grunnskólámótum í skák. f.v. Sandra Ósk, Margrét, Karen Birta og Þóra Kristín.

Grafarvogsbliðið

Ritstjórn/Auglýsingar
- Sími 698-2844

Útfararstofa Íslands

Reykjavík • Kópavogi • Garðabæ • Hafnarfirði

Sólarhringsvakt: ☎ 581 3300

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

✉ utforin@utforin.is 🌐 www.utforin.is



Sveinir Einarsson
Útforastjóri
S: 896 8242



Jón G. Bjarnason
Útforastjóri
S: 793 4455



Jóhanna
Friksdóttir
Umgjöf utlára



Guðmundur Ó. Jóhannsson
Framkvæmdastjóri
Umgjöf utlára
S: 862 0537

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



HeilsuKlasinn



Fiskréttur dagsins
2.890 kr kg



BARNA OG UNGLINGA STARF GRAFARVOGSKIRKJU

Grafarvogskirkja
Þriðjudagar

6-9 ára: kl

17:00-18:00

10-12 ára: kl

18:15-19:15

13-15 ára: kl

20.00-21:30

Kirkjuseil í spönginni

Fimmtudagar

6-9 ára: kl

17:00-18:00

10-12 ára: kl

18:15-19:15

- Ókeypís að taka þátt.
- Skemmtileg og fjölbreytt dagskrá.
- Starfið er opið öllum

Sunnudagaskóli í Grafarvogskirkju
alla sunnudaga kl 11 á neðri hæð
kirkjunnar.

ÚTSÝNI

Gufunesið:

Fallegar íbúðir í skapandi hverfi

Jöfursbás 5 – Ópið hús laugardaginn 17. feb kl 13-15 og alla virka daga frá 12-13

Vilt þú búa í náttúruparadís?

Við Eiðsvík í Gufunesi er að rísa spennandi íbúðabyggð í gömlu iðnaðarhverfi sem nú hýsir kvikmyndaver og fyrirtæki í skapandi greinum. Landslagið er einstakt; vogskornir klettur, strendur með svörtum og gylltum sandi með útsýni yfir Geldinganes, Viðey, Esju og miðborgina.



Íbúðir afhentar vorið 2024

- Einstök sjávarlóð með stórbrotnu útsýni
- Flestar íbúðir með sjávarsýn
- Aukin lofthæð
- Flísalögð baðherbergi og þvottahús
- Gólfhiti í öllum íbúðum
- Kvartssteinn á borðplötum í eldhúsi og böðum
- Innbyggð uppþvottavél og ísskápur fylgja
- Fjölbreyttar íbúðir 51-160 m²

Allar nánari upplýsingar færðu á gufunesid.is

Kíktu í kaffi og góðgæti og kynntu þér einstakt hverfi í uppbyggingu.

DOMUSNOVA
Fasteignasala



Fáðu allar upplýsingar á gufunesid.is



Útfararþjónusta í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

60 ára+ grunn- og framhaldsnámskeið

Bætt heilsa og aukin lífsgæði

Nokkrir hópar og tímasetningar í boði bæði á grunn- og framhaldsnámskeið.

Hafðu samband:

www.klasinn.is
mottaka@klasinn.is
599-1600

HeilsuKlasinn



Grafarvogsblaðið

Ritstjórn/Auglýsingar - Sími 698-2844

Er hleðsla rafbíla hausverkur í húsfélaginu?

Við aðstoðum við að leysa málið með hagsmuni húsfélagsins að leiðarljósi

Hlutlaus úttekt og ráðgjöf fyrir húsfélög um fyrirkomulag rafbílahleðslu og framkvæmdaáætlun.

Útvegum og berum saman tilboð og aðstoðum við styrkjaumsóknir.

- » Þarf stærri heimtaug?
- » Er kerfið búið álagastýringu?
- » Hvaða lausn hentar best?
- » Sjálfvirk greiðslu- og innheimtukerfi?



EIGNAumsjón

20 ára

thjonusta@eignaumsjon.is | eignaumsjon.is

Fréttir

GV

Gullkorn

- eftir sr. Sigurð Grétar Helgason prest
í Grafarvogskirkju

Nú á ný liðnum áramótum, þá þakkaði ég árið sem kvatt hefur og bauð það nýja, 2024 velkomið. Hið liðna var hjá mér allskonar, það voru misgóðir dagar og tímar en engu að síður þá er mér þakklæti og gleði efst í huga fyrir að hafa náð að bjóða hið nýja velkomið. Það er merkilegt hvað gleðin og þakklætið getur áorðað. Að iðka og temja sér hvoru tveggja gerir mig ríkari hið innra og sú liðan skilar sér í betri andlegri og líkamlegri liðan.

Ég vil deila með þér hér í byrjun nýja ársins, nokkrum gullkornum sem góður vinur minn tók saman og þýddi úr ensku. Flestir telja að um sé að ræða prósaljóð eftir Max Ehrmann, (1872-1945), þýskætadán lögræðing og rithöfund, sem fæddist í Terre Haute í Indiana og mun hafa ort það árið 1927. Ljóðið ber nafnið Desiderata á latínu og merkir, „Eitthvað þráð sem afar mikilvægt“. Innihaldið er gulls ígildi, enda til um nánast öll lönd, á alls kyns smákortum, veggspjöldum, plöttum og þvúmlíku.

Hér eru þau og njóttu vel:

Temdu þér stillingu í dagsins önn, og mundu friðinn, sem ríkt getur í þögninni.

Reyndu að lynda við aðra eins og mögulegt er, án þess samt að láta þinn hlut. Mæltu fram sannleikann af hógværd og berleika og hlustaðu á aðra, jafnvel þá daufu og fávísu, einnig þeir hafa sitthvað til málanna að leggja. Fordastu háværa og freka, þeir eru bara til ama.

Ekki bera þig saman við aðra, þú verður engu bættari, því sumir eru ofjarlar þínir og aðrir svo aftur minni. Gakktu ótrauð(ur) að hverju verki. Leggðu alúð við starf þitt, hversu léttvægt sem það kann að þykja, vinnan er kjölfesta í reikulum heimi.


Farðu með gát í viðskiptum, því mörg er á jörðu hál brautin. Lokaðu samt ekki augunum fyrir dyggðinni, þar sem hana er að finna, margir stefna nefnilega að háleitu marki og alls staðar eru hetjur á ferð.

Vertu þú sjálf(ur), en reyndu ekki að sýnast í einu eða neinu. Allra síst þegar tilfinningar eru annars vegar. Og faðmaðu ástina, því hún er eins og grasið, fjölær, þótt annað kunni að virðast á stundum.

Virtu ráð öldungans, sem býðst til að miðla þér af reynslu árána. Stæltu hugann með góðri næringu, svo að hann megi vernda þig í hretviðrum lífsins. En auku þér ekki áhyggjur að ástæðulausu. Margur óttinn stafar af þreytu og einmanaleika.

Agaðu sjálfa(n) þig, á heilbrigðan máta. Eins og trén og stjörnurnar eru barn þessarar veraldar, og átt rétt á að dvelja hér. Og hafirðu ekki vitað það áður, munu tækifærin bjóðast þér eins og öðrum.

Vertu því sáttn(ur) við Guð, hvernig sem þú annars upplifir Guð eða skynjar. Og hver sem iðja þín er og væntingar, í ys og þys hvun-



sr. Sigurður Grétar Helgason prestur í Grafarvogssókn.

ndagsins, skaltu ávallt rækta, hlúa að og varðveita eirðina í sál þinni.

Þótt ýmislegt megi vissulega betur fara, er þetta samt yndisleg tilvera. Vertu glaðvær og leitaðu hamingjunnar.“

Mínar bestu kveðjur til þín og gangi þér vel.



Grafarvogskirkja.

MÚR BÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

Úttekt á umferðaröryggismálum í Grafarvogum

Íbúaráð Grafarvogs hefur samþykkt tillögu Kjartans Magnússonar, borgarfulltrúa og fulltrúa í íbúaráði Grafarvogs, um að gerð verði úttekt á umferðaröryggismálum í hverfinu og lagðar fram tillögur til úrbóta Sérstakur starfshópur mun vinna úttektina og er áætlað að niðurstöður hans liggi fyrir 1. apríl næstkomandi.

Árið 2014 fól hverfisráð Grafarvogs sérstökum starfshópi að gera úttekt á umferðaröryggismálum. Hópurinn skilaði af sér vandadri skýrslu með fjölmörgum tillögum til úrbóta.

Kjartan segir að úttektin frá 2014 hafi verið mjög góð og að tímabært hafi verið að ráðast í slíka úttekt að nýju. „Starfshópurinn mun fara yfir stöðu umferðaröryggismála í Grafarvogum og koma með tillögum til úrbóta. Mér finnst rétt að skoða hvaða tillögur, sem lagðar voru til í skýrslunni frá 2014 hafa komist til framkvæmda og hvernig þær úrbætur hafa reynst. Þá þarf að fara yfir margvísleg gögn um umferðarmál í hverfinu, t.d. slysaskrá, og nota þau til að gera úrbætur á stöðum, sem reynst hafa hættulegir,“ segir Kjartan.

Kjartan hvetur Grafarvogsbúa til að senda starfshópnum ábendingar um það sem betur megi fara í umferðarmálum hverfisins. „Ég veit að margir

eru með athugasemdir, sem geta nýst vel í þessari vinnu ef þeim er komið á framfæri. Góðar umræður um umferðarmál eiga sér t.d. oft stað á vettvangi skóla, íþróttafélaga og foreldrafélaga og ábendingar frá þessum aðilum geta skilað góðum árangri í slíkri vinnu,“ segir Kjartan Magnússon.



Kjartan Magnússon borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.

Starfshópin skipa Ingimar Þór Friðriksson formaður, Árni Guðmundsson, Bjarni Þór Þórólfsson, Ólafur Kr. Guðmundsson og Rákel Glytta Brandt.

„Það þýðir ekkert að berja hausnum við steininn“

- eftir Björn Gíslason, borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins

Borgarstjórnarmeirihlutinn í Reykjavík hefur undanfarið kjörtímabil, leynt og ljóst, unnið að því að koma Reykjavíkflugvelli burt úr Vatnsmýrinni. Nú kveður hins vegar við annan tón hjá borgarstjórnarmeirihlutunum, sem er vel, enda nýr maður í brúnni. En til vitnis um þann nýja tón, sem Einar Þorsteinsson, borgarstjóri, hefur slegið hvað flugvöllinn varðar, eru orð hans í Morgunblaðinu 1. febrúar sl., en haft var eftir Einari:

„Þetta snýst um það að flugvöllurinn geti þjónað sínu hlutverki og það er alveg klárt að það verður ekki skert. Flugvöllurinn gegnir lykilhlutverki fyrir Reykjavík og landið allt. Hann er miðstöð innanlandsflugs og sjúkraflygs og það hlutverk hans verður ekki skert. Við verðum að vera raunse, það þýðir ekkert að berja hausnum við steininn.“

Orð sem marka tímamót

Þessi orð borgarstjóra marka í raun tímamót í umræðunni um Reykjavíkflugvöll.

Ekkert er annað hægt en að taka heilshugar undir orð hans, enda sjá allir að það er borin von að reisa flugvöll í Hvassahrauni að svo stöddu. Sú staðreynd á e.t.v. einnig stóran þátt í þessari afstöðubreytingu.

Endurskoðun aðalskipulags óhjákvæmileg

Þeirri staðreynd að Reykjavíkflugvöllur starfi í óbreyttri mynd og í fullum rekstri næstu 15 til 20 árin, með öllum þeim kröfum sem gerðar eru til hans,



Björn Gíslason er borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.

fylgja margvíslegar áskoranir.

Meðal áskoranana sem staðreynd þessi kallar á er endurskoðun á aðalskipulagi Reykjavíkurborgar - enda umfangsmikil íbúðaruppbygging fyrirhuguð í kringum flugvöllinn.

En segja má að núverandi aðalskipulag sé meingallað í ljósi þessara tíðinda, enda hverfist það um þá staðreynd að flugvöllurinn sé þar víkjandi.

Með öðrum orðum kalla þessi fyrirséðu tíðindi á að byggt verði annars staðar í borginni!



Samþætting í Steam kennir nemendum svo margt og er kærkomin tilbreyting frá því að vinna út fyrir kennslubækur.

Steam kennsluáðferðin í Rimaskóla:

Er kærkomin tilbreyting

Í Rimaskóla hafa nemendur unnið eftir STEAM kennsluáðferðinni í náttúrvísindum. Þessi kennsla samþættir vísindi, tækni, verkfræði, listir og stærðfræði í gegnum viðfangsefni nemenda.

Nemendur í 10. bekk kynntu sér sögu flugsins og hvernig eðlisfræði tengist flugi og flugdreka og hvað þurfi til að hann geti flogið. Síðan notuðu þeir Shibori litatekni til að mála munstur á silkipappír og notuðu efnið til búa til flugdreka sem gat flogið.


Í 9. bekk var farið í fjöru þar sem hver nemandi valdi sér stein til frekari skoðunar. Í skólanum tóku nemendur mynd af steinum og leituðu að sambærilegum stein á netinu til að finna út hvað tegundin heitir. Því næst þurftu

nemendur að vigta steininn, finna rúmmál hans og reikna út eðlissamsann og að lokum mála steininn og gera hann að sínum. Að lokum unnu nemendur í þorum við að búa til gervihönd úr pappír, drykkjarrörum og snæri til að reyna að nota hendina til halda á steinum og gekk það mjög vel.

Í báðum verkefnum þurftu nemendur að skrasetja allt ferlið og hugsanir sínar og niðurstöður og

hugsa frekari leiðir til að útvíkka verkefnið. Bæði þessi verkefni tengjast tækni, vísindum, verkfræði, einbeitingu, samveru, hreyfingu, hópefli, útiveru, stærðfræði, eðlisfræði, list, hönnun, leikgleði, vináttu og aðlögun svo eitthvað sé nefnt.

Samþætting sem þessi kennir nemendum svo margt og er kærkomin tilbreyting frá því að vinna út fyrir kennslubækur. Hér eru myndir frá verkefnavinnu nemenda.



Steam kennsluáðferðin samþættir vísindi, tækni, verkfræði, listir og stærðfræði í gegnum viðfangsefni nemenda.

TUDOR Start/stop

AGM þurrir og EFB síru rafgeymar fyrir bíla með start/stop búnaði



Mælum • Skiptum • Traust og fagleg þjónusta

SKORRI SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR TUDOR

Skorri ehf • Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • www.skorri.is

Björn Gíslason, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins



Brjálað stuð á Þorrablóti Grafarvogs 2024

Þorrablót Grafarvogs var haldið hátíðlegt laugardagskvöldið 21. janúar síðastliðinn en í ár var þemað 80's. Það var algjörlega valfrjálst að klæða sig eftir þemanu en það voru þónokkrir sem fóru "all-in" og mættu eins og þau hafi komið með tímavél frá 9. áratug síðustu aldar!

Múlakaffi sá um matinn og bauð upp á alvöru þorramat, hákarl, brennivín og með því en það var líka annað í boði fyrir þá sem vildu ekki fara í þorramat-

inn. Frábær vegan réttur og dýrindis lambakeri voru einnig á boðstólum.

Dagskrá kvöldsins var alls ekki af verri endanum en einvala lið frábærra listamanna steig á svið og sá um að gestir skemmtu sér vel! Regína Ósk stýrði kvöldinu og hljómsveit kvöldsins var Nýju fötin keisarans. Margrét Eir steig fyrst á svið og tók á móti gestum þegar þeir mættu. 80's kóngurinn sjálfur, Eyfi, sá um brekkusöng kvöldsins. Grafarvogsprinsinn Kristmundur Axel

steig næstur á svið og á eftir honum var það leynigestur kvöldsins sem var enginn annar en Herbert Guðmundsson, varla hægt að halda 80's Þorrablót án þess að hann mæti á svæðið. Þau Friðrik Dór, Sígga Beinteins og Daníel Ágúst stigu síðan á svið á eftir þeim og gjörsamlega trylltu lýðinn

Fjölirnir vill þakka öllum sem komu á blótið fyrir frábært kvöld og eftirvænting ríkir eftir Þorrablótí næsta árs sem verður haldið 18. janúar 2025!





Gluggar á fjóra vegu og mikið útsýni

- til sölu hjá Fasteignamiðlun Grafarvogs Spönginni 11

Fasteignamiðlun Grafarvogs kynnir fjögurra herbergja íbúð á þriðju og efstu hæð að Gvendargeisla 8 í Reykjavík. Eignin er samkvæmt fasteignaskrá 117,9 fermetrar auk staðis í lokuðu bílahúsi.

Eignin skiptist í forstofu, eldhús, stofu, borðstofu, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús og geymslu. Á jarðhæð er sameiginleg hjólageymsla. Íbúðin er vel skipulögð og gengið er inn í íbúðina af opnum svalangangi. Mikið útsýni er úr íbúðinni. Gluggar eru á fjóra vegu.

Nánari lýsing:
Forstofa er rúmgóð með fataskáp og flísar eru á gólfi.

Eldhús er rúmgott með góðum innréttingum, harðparket er á gólfi.

Stofa/borðstofa er björt og rúmgóð, útgennt er úr stofu á suðaustursvalir.

Hjónaherbergi er rúmgott með góðum skápum, harðparket er á gólfi.

Barnaherbergin eru björt og rúmgóð með góðum fataskápum, harðparket er á gólfi.

Baðherbergi er flísalagt í hólfi og gólf með baðkari og lítilli innréttingu.

Þvottahús er með góðri innréttingu og flísar á gólfi.

Geymsla er með góðum hillum og

flísar á gólfi.

Nýlega er búið að endurnýja gólfefni í íbúðinni.

Stutt er í matvöruverslun, leikskóla og grunnskóla.

Banki og fleiri þjónustufyrirtæki eru innan hverfisins.

Hafið samband við Árna Þorsteinson löggiltan fasteignasala á arni@fmg.is og í síma 898-3459, Sigrúnu Stellu Einarsdóttur löggiltan fasteignasala á stella@fmg.is og í síma 824-0610 eða Þyri Guðjónsdóttur löggiltan fasteignasala á thyri@fmg.is eða í síma 891 9867 til að bóka skoðun.



Gengið er inn í íbúðina af opnum svalangangi.



Mikið útsýni er úr íbúðinni.



Eldhús er rúmgott með góðum innréttingum, harðparket er á gólfi.



Stofa/borðstofa er björt og rúmgóð, útgennt er úr stofu á suðaustursvalir.



Sigrún Stella Einarsson
Löggiltur fasteignasala, fyrirtækja- og skipasali s. 8240610



Árni Þorsteinnsson
rekstrar-hagfræðingur. M.Sc. löggiltur fasteignasala og skipasali s. 786-1414 leigumiðlari s. 898 3459



Ólafur Kristjánsson
löggiltur fasteignasala og skipasali s. 786-1414



Þyri Guðjónsdóttir
Löggiltur fasteignasala og viðskiptafræðingur Bs.c. Sími: 891-9867



Ingunn Þorsteinsdóttir
Nemi í löggildingunni fasteignasala s. 612-0906

FASTEIGNA MIÐLUN GRAFARVOGS



Spöngin 11 - 112 Reykjavík
Sími 575 8585. Opnið 10-17 mán.-föst

Vantar allar gerðir eigna á skrá



VEGHÚS - 6 HERB. - BÍLSKÚR

171,3 fm 6 herb. endaríbúð á 3. og 4. hæð auk bílskúrs. Virkilega falleg íbúð með góðum gólfefnum og innréttingum. Mikið útsýni og suðvestur svalir.

Fimm svefnherbergi.

Sími 575 8585



SMÍÐJUVELLIR - AKRANES

Alls 1724,1 fm. þrjú fastanúmer í vönduðu stálgrindarhúsi. Í húsinu starfa í dag sjö fyrirtæki, eigandi eins eignarhluta rekur eigið fyrirtæki í sínum hluta en leigusamningar eru við önnur fyrirtæki í húsinu. Ahugaverður fjárfestingakostur, nánari upplýsingar gefur Árni í síma 898-3459



LÓMASALIR - 2. HERB. - STÆÐI Í LOKADRI BÍLAGEYMSLU

Mjög góð 73,4 fm 2ja herb. íbúð ásamt 9,7 fm geymslu og stæði í lokaðri bílageymslu. Fallegt útsýni er úr íbúðinni. Mjög góðar innréttingar og gólfefni. Þvottahús innan íbúðar.



GVENDARGEISLI - 4. HERB. - BERGJA - STÆÐI Í BÍLAGEYMSLU

Afar falleg og vel innrétuð 117,9 fm íbúð auk staðis í lokuðu bílahúsi. Mikið útsýni og sér inngangur af opnum svalangangi. Stórar suðaustursvalir.




HEIMSENDI - KÓPAVOGUR

277 fm. 20 hesta hús. 10 stýjur fyrir 20 hesta, hlaða, forstofa, kaffistofa, setustofa og snyrting með wc og sturtuklefa. Gott gerði er við húsið og steipt stétt með handriði er meðfram húsinu.

FASTEIGNASALAN Í ÞÍNU HVERFI

www.fmg.is



Kirkjufréttir

Guðspjónustur í kirkjunni

Alla sunnudaga eru guðspjónustur í kirkjunni kl. 11:00. Helgihaldið þar er fjölbreytt og messuformið klassískt. Kór Grafarvogskirkju leiðir söng.

Vörðumessur í Kirkjuselinu

Alla sunnudaga yfir vetrartímann eru Vörðumessur í Kirkjuselinu í Spöng kl. 13:00. Kertaljósastund og heilög máltíð. Við deilum sögum og hlöðum vörður. Ljúf tónlist. Vox Populi leiðir söng.

Sunnudagaskólinn

Sunnudagaskólinn er á neðri hæð kirkjunnar alla sunnudaga kl. 11:00. Brúðuleikhús, tónlist, sögur, leikur og annað skemmtilegt. Umsjón hafa Hulda Berglind Tamara og Anna Bibí. Undirleikari er Stefán Birkisson.

Helgistundir á Þriðjudögum í Kirkjuselinu

Helgistundir eru alla þriðjudaga í Kirkjuselinu í Spöng kl. 10:30. Stundimar eru opnar öllum.

Kyrðarstundir

Kyrðar- og fyrirbæstundir eru í Grafarvogskirkju alla þriðjudaga kl. 12:00. Þær eru opnar öllum og á eftir er boðið upp á létta hádegisverð á afar vægu verði.

Barna- og unglingsstarfið

Mikið starf er í boði fyrir börn og unglinga í Grafarvogssöfnuði. Þar er æskulýðsstarf og starf fyrir börn á öllum aldri vikulega í allan vetur. Nánari upplýsingar um starfið og dagskrár er að finna á heimasíðu kirkjunnar.

6-9 ára starf er á þriðjudögum kl. 17:00 - 18:00 í Grafarvogskirkju.
10-12 ára starf er á þriðjudögum kl. 18:15 - 19:15 í Grafarvogskirkju.

6-9 ára starf er á fimmtudögum kl. 17:00 - 18:00 í Kirkjuselinu.
10-12 ára starf er á fimmtudögum kl. 18:15 - 19:15 í Kirkjuselinu.

Æskulýðsfélagsstarfið er á þriðjudögum kl. 20:00 - 21:30 í Grafarvogskirkju.
www.grafarvogskirkja.is

Félagsstarf fullorðinna

Opið hús er í kirkjunni alla þriðjudaga kl. 13:00-15:00 fyrir eldri borgara og önnur sem hafa lausa stund á daginn. Stundin hefst á fræðslu eða skemmtiefni og samsöng í kirkjunni. Þá er boðið upp á handavinnu, spil og spjall. Síðan er kaffi og veitingar í boði á vægu verði. Farið er í haust- og vorferð auk annarra skemmtilegra viðburða.

Þorragleði 13. febrúar kl. 13:00

Borðhald, söngur og gleði.
Lára Bryndís Eggertsdóttir organisti stjórnar fjöldasöng. Skráning er í kirkjunni í síma 5879070 eða grafarvogskirkja@grafarvogskirkja.is
Verð er kr. 5.000,-

Djúpslökun

Djúpslökun er alla fimmtudaga kl. 17:00 í vetur. Tímamir hefjast á léttum æfingum til að undurbúa líkamann fyrir djúpa og góða slökun með kristilegu ívafi. Tímamir henta bæði þeim sem eru byrjendur í yoga og lengra komnum. Djúpslökunin er gjaldfrjál og tímana leiðir Jarþrúður Karlsdóttir yogakennari.

Vinir Grafarvogskirkju

Nú hafa verið stofnaðir á Facebook hóparnir sem Vinir Grafarvogskirkju skráðu sig í á vinavöldinu í nóvember. Hóparnir eru bíóhópur, bænahópur, matarhópur, gönguhópur, sönghópur og búbluhópur. Umræðuhópur hefst í apríl. Fyrstu viðburðir hvers hóps eru að komast á dagskrá einn af öðrum. Hópana má finna á síðunni **Vinir Grafarvogskirkju** á Facebook. Öllum er boðið að skrá sig í hvaða hóp sem er.

Foreldramorgnar

Sameiginlegir foreldramorgnar og krilasálmur Grafarvogs- Guðriðar- og Árbæjarkirkju eru á þriðjudögum í Guðriðarkirkju kl. 10-12. Söngur, tónlistarupplifun, spjall og kaffi. Umsjón hafa: Ingunn Björk djákni í Árbæjarkirkju, María Rut prestur í Guðriðarkirkju ásamt öðru starfsfólki safnaðanna.

Barna- og unglingskór Grafarvogs í Grafarvogskirkju

Kórstjóri er Auður Guðjohansen. Hljóðfærasmíðu kennir Sævar Helgi Jóhannsson.

Æfingar eru á þriðjudögum í Grafarvogskirkju:

Yngri kór - Forskóli

16:30-17:00 Hljóðfærasmíða (flauta og ásláttarhljóðfæri)

17:00-17:40 Söngur/kór

Eldri kór - Sönghópur

17:20-18:20 Söngur/kór

Skráning fer fram á www.tongraf.is. Veljið flipann „Sækja um“. Til að sækja um yngri kór, veljið Forskóli en fyllið inn í viðbótarpplýsingar ef barnið á einungis að sækja kóræfingar án hljóðfærasmíðu. Til að sækja um eldri kór, veljið Sönghópur. Einnig er hægt að hafa samband við kirkjuna og fá frekari upplýsingar.

Kórgjald:

Yngri kór haust og vorönn kr. 60.000,-

Eldri kór haust og vorönn kr. 60.000,-

Yngri kór og hljóðfærasmíða haust og vorönn kr. 120.000,-

Hægt er að nýta **fristundastyrk** og skipta í allt að sex greiðslur í Sportablar. Systkinaafsláttur er 10%. 25% afsláttur er af kórgjaldi ef meðlimir sækja einnig hljóðfærana við tónlistarskólann.

Kór Grafarvogskirkju og Vox Populi

Kirkjukórinn æfir á miðvikudögum kl. 19:30 og nánari upplýsingar veitir Hákon Leifsson hakon@vortex.is
Vox Populi æfir á miðvikudögum kl. 19:30. Upplýsingar veitir Lára Bryndís Eggertsdóttir lara@grafarvogskirkja.is
Nýir félagar eru hjartanlega velkomnir!

Prjónaklúbbur Grafarvogskirkju

Prjónaklúbbur er í Grafarvogskirkju annan hvern þriðjudag kl. 20:00. Hann er fyrir þau sem langar að hittast og spjalla um og yfir handavinnu. Við bjóðum nýja og eldri þátttakendur hjartanlega velcomin og viljum sjá sem allra flest og einmitt þig! Sjá nánar á Facebooksíðu Prjónaklúbburinn í Grafarvogskirkju. Dagssetningar næstu vikna eru: 20. febrúar og 5. mars.

Prestar og djákni safnaðarins:

Guðrún Karls Helgudóttir sóknarprestur guðrun@grafarvogskirkja.is

Arna Ýrr Sigurðardóttir prestur arna@grafarvogskirkja.is

Sigurður Grétar Helgason prestur sigurður@grafarvogskirkja.is

Kristín Kristjánsdóttir djákni

kristin@grafarvogskirkja.is

Sími: 587 9070



Netfang: grafarvogskirkja@grafarvogskirkja.is

Heimasíða: www.grafarvogskirkja.is

Likesíða á facebook: Grafarvogskirkja Grafarvogi

Instagram: [grafarvogskirkja_grafarvogi](https://www.instagram.com/grafarvogskirkja_grafarvogi)

Velcomin í kirkjuna þína!



Þéttur Dagsins



SPÖNGIN - BÍLDSHÖFÐI